

Fimmtudaginn 16.mars 2023 var haldinn fundur siðanefndar HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 03 A /2023.

HRFÍ

gegn

X

I. Málsmeðferð siðanefndar

Í erindi kæranda (HRFÍ) sem barst siðanefnd þann 12. Janúar 2023 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að gögn benda til þess að kærði X hafi gerst brotlegur við reglur um ættbókarskráningu. Við skráningu á hvolpum fæddum 29. september.2022 kom í ljós að Labrador Retriever rakkinn A var ekki með eistnavottorð fyrir pörun. Eigandi tíkarinnar og ræktandi gotsins er Y.

Í reglum um ættbókarskráningu kemur fram að óheimilt er að ættbókarfæra afkvæmi rakka sem ekki hefur eðlileg og rétt staðsett eistu (launeistu). Hafi rakki ekki verið ræktunardæmdur eftir 9 mánaða aldur eða eigi skráð afkvæmi, skal fylgja umsókn um ættbókarfærslu afkvæma hans vottorð dýralæknis um að eistu hans séu eðlileg og rétt staðsett. Vottorðið skal gefa út eftir sex mánaða aldur rakka

Kæran var send kærða til umsagnar með bréfi dagsettu 31.janúar 2023 og honum gefinn fjögurra vikna andmælafrestur. Kærði svaraði ekki efnislega. Siðanefnd tók málið til úrskurðar á grundvelli þeirra gagna sem fyrir lágu í málinu.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni

Kærandi telur að með pöruninni hafi kærði brotið gegn grundvallarreglum félagsmanna HRFÍ með því að hafa parað Labrador Retriever rakkann Stekkjardals Double Trouble IS25893/19 án þess að hafa eistnavottorð.

III. Forsendur

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og nota aðeins til ræktunar viðurkennda hunda og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi kyn.

IV. Niðurstaða

Kærði telst hafa gerst brotlegur við 2.4 gr. grundvallarreglna fyrir félagsmenn HRFÍ.

Kærði hlýtur áminningu.

f.h. siðanefndar

Arnheiður Runólfsson

Arnheiður Runólfsdóttir

Sunna B. Helgadóttir

Sunna Birna Helgadóttir

Selma Olsen

Selma Olsen